

mál þetta. Walter reyndi til að fá söfnuðina í Missouri-sýnóðunni til að „slá því föstu“, að það væri synd að taka rentu af peningum (út úr hverjum orðum í biblíunni hann hefir búið þessa kreddu er mjer ókunnugt), en þessu fjekk hann ekki framgengt. Mál þetta kom fyrir á almennum sýnódu-fundi, en meiri hluti þeirra, er við voru, settu sig á móti rentulærdómi Walters. Þetta er víst hið eina kirkjumál innan Missouri-sýnóðunnar, þar sem skoðun Walters hefir ekki náð framgangi. En ef þeir, sem fylgdu Walter í þessu máli, höfðu skýrt guðsorð fyrir sjer í þessari kenning sinni, eins og þeir uppástóðu, hvi slitu þeir þá ekki trúarsamfjelagi við hina, sem fóru hinu gagnstæða fram? því það er eitt af grundvallarsetningum þessa sýnóðulýðs, að hafi maður „skýrt guðsorð fyrir sjer í einhverju atriði (en „skýrt“ guðsorð þýðir hjá þeim sama sem þeirra eigin útpýðing) og annar sæst ekki til að útleggja það eins eða „beygja sig undir það“ — þetta orðatiltæki er mjög tíðkað í mál-lýsku sýnóðumanna —, þá geti hinn fyrri ekki lengur skoðað hinn síðarnefnda sem sinn kristnum bróður. Af því nú rentu-kredda Walters dó í fæðingunni hefir norska sýnóðan nú ekki mikið af henni að segja, en „brennandi spursmál“ var hún þar um leið og hún var það í Missouri-sýnóðunni, og sýnir þetta eitt, að undireins og hinn lúterski páfi Walter í St. Louis talar, heyrir bergmálið jafnskjótt í hverju holti og hæð, þar sem norskir sýnóduprestar búa, og eins, ef þögn verður í kreddusniðju Missouri-sýnóðunnar, verður líka þögn í norsku sýnóðunni.

Í sumar, er leið, var þeirri kreddu „sleg-